

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 211/2016

2018/EES/22/05

frá 28. október 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 frá 18. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 þar sem mælt er fyrir um kröfur um smíði, prófun, uppsetningu, virkni og viðgerðir ökurita og íhluta þeirra ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 31.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ba (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/68) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„21bb. **32016 R 0799**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 frá 18. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 þar sem mælt er fyrir um kröfur um smíði, prófun, uppsetningu, virkni og viðgerðir ökurita og íhluta þeirra (Stjútíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 31.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/799, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 146, 3.6.2016, bls. 31, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2016 frá 3. júní 2016 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 308, 23.11.2017, bls. 27 og EES-viðbæti við nr. 76, 23.11.2017, bls. 32.